

Greinargerð yfirkjörstjórnar í Sveitarfélaginu Árborg vegna sveitarstjórnarkosninga 14. maí 2022

Í kosningum til sveitarstjórnar árið 2022 voru sex listar í framboði, þ.e. Á - listi Áfram Árborg, B – listi Framsóknar, D – listi Sjálfstæðisflokks, M – listi Miðflokks og sjálfstæðra, S – listi Samfylkingar og V – listi Vinstri hreyfingarinnar græns framboðs. Kosið var á hefðbundum stöðum í Vallaskóla á Selfossi í kjördeildum I -IV, í félagsheimilinu Stað á Eyrarbakka í kjördeild V og í barnaskólanum á Stokkseyri í kjördeild VI.

Á kjörskrá í sveitarfélaginu voru 8.008. Fjöldi kjósenda sem greiddu atkvæði var alls 5.112 sem er 63,84% kjörsókn. 4.563 kjósendur greiddu atkvæði á kjörstað og og 549 utan kjörfundar.

Þessar sveitarstjórnarkosningar eru fyrstu kosningar sem eru haldnar eftir gildistöku nýrra kosningalaga nr. 112/2021 og fjölmargra reglugerða sem gefnar voru út í aðdraganda þeirra. Þessi lagasetning ásamt reglugerðum kallaði á verulega breytingu á framkvæmd kosninganna. Landskjörstjórn hélt til að mynda nokkra kynningafundi sem yfirkjörstjórn sat til að kynna sér ný lög og breytingar. Öll framkvæmd er mun ýtarlegri og strangari og þess var t.d. krafist að yfirkjörstjórn væri viðstödd þegar sýslumaður innsiglaði atkvæðakassa ásamt umboðsmönnum. Einnig hélt yfirkjörstjórn kynningarfundum með umboðsmönnum auk þess sem krafa var um útgáfu sérstakra skilríkja fyrir umboðsmenn með mynd sem kallaði á aukavinnu. Þá settu nýjar hæfisreglur strik í reikninginn enda datt vant fólk út úr undirkjörstjórnnum og kalla þurfti til fólk sem þurfti að kynna sér framkvæmdina frá grunni. Þá var fyrirkomulag talningar mun flóknari en áður og nýtt skjal sem Landskjörstjórn lét okkur í té var notað. Við höfðum aldrei unnið með það áður og kosningin sjálf því frumkeyrsla á því. Allt þetta jók mjög á tíma sem undirbúningur tók og gerði framkvæmdina miklu flóknari en verið hefur. Einnig hefur íbúum sveitarfélagsins fjölgað en það voru 6.591 á kjörskrá 2018 en á kjörskrá í ár voru 8.008 kjósendur sem er fjölgun um 1.417 kjósendur.

Yfirkjörstjórn reyndi að vanda vel til undirbúnings kosninganna og fræða þá starfsmenn sem komu að framkvæmd kosninganna. Einnig var haft gott samstarf við umboðsmenn framboðanna. Eru öllu þessu fólki þakkað ánægjulegt og gott samstarf.

Talning atkvæða fór nú fram í íþróttasal Vallaskóla að viðstöddum umboðsmönnum og fyrir opnum tjöldum eftir kl. 22 þegar yfirkjörstjórn rauf innsigli á inngangi inn á áhorfendasvæði íþróttahússins. Af hálfu yfirkjörstjórnar var Jón Páll Hilmarsson varamaður í yfirkjörstjórn tilnefndur sem talningastjóri og Steinunn Erla Kolbeinsdóttir var fulltrúi aðalmanna yfirkjörstjórnar á staðnum. Þau sáu um að framkvæmd og skipulag á talningarstað væri í fullu samræmi við lög og reglugerðir sem sett eru um þá framkvæmd. Til viðbótar voru 8 starfsmenn í talningu. Fjöldi atkvæða í hverjum atkvæðakassa var stemmdur af, þá voru atkvæði flokkuð tvisvar af sitthvorum starfsmönnum og að lokum tvítalin af sitthvoru starfsfólkinu í samræmi við reglugerð um talningu atkvæða. Aðafstöðnum kosningum fóru aðalmenn í yfirkjörstjórn og talningarstjóri yfir breytt atkvæði til að kanna áhrif breytinga á skipan sveitarstjórnar. Breytt atkvæði reyndust ekki hafa áhrif á niðurröðun þeirra lista sem fengu fulltrúa í bæjarstjórn. Umboðsmönnum framboðslistanna hefur verið tilkynnt um fjölda breytinga á atkvæðaseðlum og má sjá nánari upplýsingar varðandi það í skjali yfirkjörstjórnar um úrslit sveitarstjórnarkosninga sem birt hefur verið á vef Sveitarfélagsins Árborgar.

Úrlist kosninga urðu þessi: fulltr.		Atkvæði	Hlutfall	Fj. kjörina
Á – listi	Áfram Árborg	390	7,9%	1
B – listi	Framsóknarflokkur	951	19,3%	2
D – listi	Sjálfstæðisflokkur	2.291	46,4%	6
M – listi	Miðflokkurinn og sjálfstæðir	247	5,0%	0
S – listi	Samfylking	761	15,4%	2
V – listi	Vinstri hreyfingin grænt framboð	295	6,0%	0

Auðir seðlar voru 158 og ógildir seðlar 19 alls 177 auðir og ógildir.

Í samræmi við 119 gr. kosningalaga nr. 112/2022 hefur yfirkjörstjórn tilkynnt hinum kjörnu aðalfulltrúum og varamönnum um úrslit kosninganna og sendir hér með sveitarstjórn þessa greinagerð um úrslit kosninganna.

23. maí 2022

Yfirkjörstjórn Sveitarfélagsins Árborg

Ingimundur Sigurmundsson, formaður

Steinunn Fjóla Sigurðardóttir

Steinunn Erla Kolbeinsdóttir